

Evrópskar eftirlitsstofnanir á fjármálamarkaði vara neytendur við áhættu af sýndareignum

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar (EBA, ESMA og EIOPA – saman nefndar ESAs) vara neytendur við mjög áhættusömum sýndareignum (e. crypto-assets) sem lúta lögmálum spákaupmennsku. Þær henta ekki megin þorra almennra fjárfesta til fjárfestinga eða sem greiðslumáti eða gjaldmiðill.

Neytendur geta staðið frammi fyrir þeim möguleika að tapa allri fjárfestingu sinni í sýndareignum. Neytendur þurfa að vera meðvitaðir um hættuna á villandi auglýsingum, þ.m.t. þeim sem birtast á samfélagsmiðlum og hjá áhrifavöldum. Neytendur ættu að vera sérstaklega á varðbergi gagnvart loforðum um hraða og mikla ávöxtun, sér í lagi ef um er að ræða loforð sem hljóma of góð til að vera sönn.

Neytendur ættu að vera meðvitaðir um að þeir njóta ekki endurkröfuréttar né fjárfestaverndar þar sem sýndareignir og aðrar sambærilegar eignir og þjónusta falla að öllu jöfnu utan gildissviðs núgildandi regluverks á evrópskum fjármálamarkaði.

ÞETTA ÞARFT ÞÚ AÐ VITA OG GÆTA AÐ

Þú ættir að vera meðvituð/aður/að um sértæka áhættu sem fylgir sýndareignum og sambærilegum vörum og þjónustu og meta gaumgæfilega hvort áhættan sé ásættanleg miðað við persónulega hagi og fjárhagsstöðu. Þeim fylgir áhætta á:

- að tapa öllu því sem þú fjárfestir;
- að verð getur sveiflast hratt á stuttum tíma;
- að þú getur orðið fórnarlamb svika, svindls rekstrarstöðvunar eða tölvuárása; og
- að það er ólíklegt að þú njótir nokkurra réttinda eða bóta fari hlutirnir á versta veg

Ef þú ert að hugsa um að kaupa sýndareignir eða sambærilegar vörur eða þjónustu, ættirðu að spyrja þig eftirfarandi:

- Hefurðu efni á að tapa öllum peningunum sem þú ætlar að fjárfesta fyrir?
- Ertu tilbúin/n/ð að taka mjög mikla áhættu til ná fram auglýstri ávöxtun?
- Skilurðu hvernig sýndareignin virkar eða sú vara eða þjónusta sem þú ætlar að kaupa?
- Fer gott orð af fyrirtækjunum eða aðilunum sem þú átt í viðskiptum við? Sjá lista yfir skráningarskylda þjónustuveitendur viðskipta milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla, eftirlitsskylda aðila og erlenda aðila sem mega veita þjónustu á Íslandi á vefsíðu Seðlabanka Íslands¹
- Eru fyrirtækin eða aðilarnir sem þú átt í viðskiptum við á svörtum lista hjá viðkomandi stjórnvöldum?²
- Geturðu tryggt öryggi tækja sem þú notar til að kaupa, geyma eða framselja sýndareignir með fullnægjandi hætti, þ.m.t. einkalykla (e. private keys)?

¹ Hér má skoða eftirlitsskylda aðila á Íslandi [Eftirlitsskyldir aðilar | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#) og hér má fletta upp aðilum sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi [Erlendir aðilar - leitarvél | Eftirlitsskyld starfsemi | Fjármálaeftirlitið \(fme.is\)](#)

² Athugið að þótt aðili sé ekki skráður á svartan lista er það ekki trygging fyrir því að hann stundi örugg viðskipti

Á hvaða sviðum liggur megináhættan?

- **Ýktar verðsveiflur:** Verð margra sýndareigna getur sveiflast skyndilega og öfgafullt og viðskipti með þær hafa einkenni spákaupmennsku þar sem verðið endurspeglar einungis eftirspurn (þ.e. verðið byggist ekki á eignum eða áþreifanlegu virði). Þú getur tapað stórum hluta eða jafnvel allri fjárhæðinni sem þú fjárfestir fyrir. Þessar öfgakenndu verðsveiflur leiða einnig til þess að sýndareignir eru óhentug leið til að varðveita fjármuni og til þess að nota sem greiðslumáta eða gjaldmiðil.
- **Villandi upplýsingagjöf:** Sumar sýndareignir eru auglýstar með ágengum hætti með því að nota markaðsefni og aðrar upplýsingar sem geta verið óskýrar, ófullnægjandi, ónákvæmar og jafnvel hafðar vísitandi villandi. Auglýsingar á samfélagsmiðlum geta sem dæmi verið mjög stuttar, með aðaláherslu á mögulegan gróða án þess að fjallað sé um þá miklu áhættu sem getur verið fólgin í viðskiptunum. Þú ættir einnig að vera meðvituð/aður/að um að áhrifavaldar á samfélagsmiðlum sem miðla upplýsingum um sýndareignir og aðrar sambærilegar eignir eða þjónustu, geta sjálfir haft fjárhagslegan hvata af því að fjalla um sýndareignir og því getur skoðun þeirra verið hlutdræg.
- **Skortur á neytendavernd:** Stærsti hluti sýndareigna og sala á vörum og þjónustu sem tengist sýndareignum eru ekki undir eftirliti í Evrópu.³ Í þessum viðskiptum nýtur þú ekki réttinda eða verndar með sama hætti og neytendur eftirlitsskyldrar fjármálaþjónustu s.s. varðandi meðferð kvartana og endurkröfurétt.
- **Flóknar vörur:** Sumar vörur sem fela í sér áhættu tengda sýndareignum eru mjög flóknar, í sumum tilfellum hafa þær eiginleika sem geta margfaldað tap þegar miklar verðsveiflur verða. Þessar vörur, að teknu tilliti til flækjustigs þeirra, eru óhentugar fyrir flesta neytendur.
- **Svik og spellvirki:** Margvíslegar gervi sýndareignir og svindl þrífst á netinu og þú þarf að vera meðvituð/aður/að um að eini tilgangur slíkrar starfsemi er að hafa peninga af þér, með því að nota margs konar tækni t.d. vefveiðar (e. phishing).
- **Markaðsmisnotkun, skortur á gagnsærri verðmyndun og lítill seljanleiki:** Verðmyndun sýndareigna og framkvæmd viðskipta á skiptimörkuðum er oft og tíðum ógagnsæ. Samþjöppun í eignarhaldi á ákveðnum sýndareignum getur verið mikil og hefur það áhrif á verð og seljanleika. Þú gætir því lent í því að verðið eða framkvæmd viðskiptanna sé ekki sanngjörn þegar sýndareignir eru keyptar eða seldar, eða þú getur lent í því að geta ekki selt sýndareignir á þeim tíma sem þér hentar þar sem engir mögulegir kaupendur fyrirfinnast. Fjöldi tilfella um markaðsmisnotkun hafa verið tilkynntur.
- **Hakkarar, rekstraráhætta og öryggismál:** Tæknin sem viðskipti með sýndareignir byggir á, svokölluð dreifð færsluskrá (e. distributed ledger technology) getur falið í sér margvíslega sértæka áhættu. Þó nokkrir útgefendur og þjónustuveitendur sýndareigna, þ.m.t. skiptimarkaðir sýndarfjár og þjónustuaðilar sem selja stafræn veski (e. wallets), hafa orðið fyrir netárásam og alvarlegum rekstrarvanda. Margir neytendur hafa tapað sýndareignum eða orðið fyrir tapi vegna hakkara og árása eða vegna þess að þeir hafa týnt einkalyklum sínum sem veita aðgang að eignunum.

³ Sum aðildarríki Evrópusambandsins hafa sett reglur um sýndareignir og sambærilegar vörur og þjónustu. Að auki, þurfa þjónustuveitendur sýndareigna, skiptimarkaðir og vörsluaðilar að skrá sig eða sækja um starfsleyfi á grundvelli laga um peningaþvætti og aðgerðir gegn hryðjuverkum. Vinsamlegast kynnið ykkur nánari upplýsingar hjá viðkomandi stjórnvaldi.

Almennar upplýsingar

Viðvörðun þessi er gerð á grundvelli 3. mgr. 9. gr. stofnreglugerða ESA stofnananna.⁴ Hún kemur í kjölfar fyrri viðvarana um áhættu tengda kaupum eða eignarhaldi á sýndareignum.^{5,6,7}

Sýndareignir er hægt að skilgreina sem stafræna staðfestingu á virði eða réttindum sem hægt er að framselja og geyma með rafrænum hætti, með notkun dreifðra færsluskraá eða sambærilegrar tækni.

ESA stofnanirnar merkja aukna þátttöku og áhuga neytenda á sýndareignum, þ.m.t. svokölluðu sýndarfé (e. crypto-currencies), ásamt því sem fram eru að koma nýjar tegundir sýndareigna og sambærilegra vara og þjónustu, til dæmis má nefna svokallaðar óútskiptanlegar einingar eða NTFs (e. non-fungible tokens), afleiðusamninga með sýndareignir, eining tengdar líftryggingar (e. unit-linked life insurance) sem byggja á sýndareignum og dreifða fjármálaþjónustu (e. DeFi), sem lofar hárrí og/eða hraðri ávöxtun. ESA stofnanirnar hafa áhyggjur af því að aukinn fjöldi neytenda kaupi þessar eignir með væntingar um háa ávöxtun án þess að átta sig á áhættunni sem fylgir.

Í september 2020 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram drög að reglugerð um markaði með sýndareignir.⁸ Tillagan felur í sér heildstæðan ramma reglna og eftirlits með útgefendum og þjónustuveitendum sýndareigna sem hefur þann tilgang að verja neytendur og ýta undir heilindi og stöðugleika fjármálakerfisins. Neytendur eru minntir á að tillagan hefur ekki verið samþykkt og endanleg útkoma veltur á sameiginlegri lagasetningarmeðferð samákvörðunarferli Evrópuþingsins og Ráðsins.⁹ Neytendur njóta því ekki enn þeirrar verndar sem hún felur í sér.

Þegar þessi viðvörðun er rituð, eru til meira en 17 þúsund mismunandi sýndareignir, sem sumar hverjar eru nefndar sýndarfé (e. crypto-currencies), rafmyntir (e. coins) eða einingar (e. tokens).¹⁰ Mest áberandi sýndareignirnar í dag eru bitcoin og ethereum, sem saman mynda um 60% af heildar markaðsvirði sýndareigna. Orkuþörf sumra sýndareigna er mjög mikil s.s. vegna námugraftar og sannreyningarferlis og ættu neytendur að vera meðvitaðir um umhverfisáhrifin sem þessar sýndareignir hafa.¹¹

⁴ Regulation (EU) 2019/2175 of the European Parliament and of the Council of 18 December 2019 amending Regulation (EU) 1093/2010 establishing a European Supervisory Authority (European Banking Authority), OJ L 331, 15.12.2010, p. 12; Regulation (EU) 1094/2010 establishing a European Supervisory Authority (European Insurance and Occupational Pensions Authority), OJ L 331, 15.12.2010, p. 48; Regulation (EU) 1095/2010 establishing a European Supervisory Authority (European Securities and Markets Authority), OJ L 331, 15.12.2010, p. 84

⁵ EBA (2013), [Warning to consumers on virtual currencies](#), 12 December

⁶ ESAs (2018), [ESAs warn consumers of risks in buying virtual currencies](#), 12 February

⁷ ESMA (2021), [ESMA sees high risks for investors in non-regulated crypto-assets](#), 17 March.

⁸ Proposal for a regulation of the European Parliament and of the Council on Markets in Crypto-assets, and amending Directive (EU) 2019/1937, COM/2020/593, 24/09/2020.

⁹ [The ordinary legislative procedure - Consilium \(europa.eu\) sjá einnig í íslenskum leiðavísi um stofnanir ESB: HowtheEUWork islenska_2013.pdf \(europa.eu\)](#)

¹⁰ Heimild: Coinmarketcap.com, gögn dags. 18 febrúar 2022

¹¹ Fyrir nánari upplýsingar, sjá t.d. Cambridge Centre for Alternative Finance (2022), [‘Cambridge Bitcoin Electricity Consumption Index’](#)